



Ný og breytt ákvæði um notendaráð á grundvelli laga sem taka gildi þann 1. október 2018

- minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. júní 2018

Áhersla á hvers kyns samráð og samvinnu við notendur hefur rutt sér til rúms innan velferðarþjónustunnar. Talið er mikilvægt að notendur eigi slíkan vettvang þar sem valdefling sé höfð að leiðarljósi; fólk verði þannig virkir þátttakendur í mótun á þeim úrræðum og þjónustu sem því stendur til boða.

Samráð af því tagi sem hér um ræðir er þríþætt:

- a. samráð við einstaka notendur í málum sem varða þá sjálfa,
- b. samráð um stefnumótun og
- c. samráð við hópa notenda um framþróun þjónustunnar.

Í nýjum og breyttum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eru nýmæli sem sérstaklega lúta að samráði skv. b- og c-lið., með því að lögbundið verður að starfrækja svokölluð notendaráð í málefnum öldrunarþjónustu og fötlunarþjónustu. Ráð af því tagi hafa verið starfandi í sveitarfélögum og þykir fyrirkomulagið hafa reynst vel. Hugmyndin er sú að í notendaráðum sitji fulltrúar tiltekins hóps notenda, ásamt fulltrúum sveitarfélags og þar sé til umræðu almenn stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélaga í þeim málum sem varða viðkomandi notendahóp.

A. Nánar um öldungaráð

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b.:

Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjár fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.

Þessu til fyllingar er efni 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra m.s.b.:

8. gr.

Öldungaráð skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. *Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.*
2. *Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.*
3. *Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.*

Öldungaráðið skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laganna, sbr. 1. gr.

Ennfremur segir í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra m.s.b.:

Beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhag þeirra. Beiðninni skal og fylgja umsögn öldungaráðs á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða.

B. Nánar um samráðshóp um málefni fatlaðs fólks

Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b.:

Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjár fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.

Þessu ákvæði til fyllingar er 1. mgr. 7. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

Félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar sem hyggjast veita þjónustu samkvæmt lögum þessum skulu afla starfsleyfis ráðuneytisins. Sama á við um aðra starfsemi sem hefur þann megintilgang að veita fötluðu fólki sérstæka aðstoð eða þjónustu, sbr. m.a. ákvæði 11. gr. Ráðuneytið skal afla umsagnar notendaráðs í því sveitarfélagi þar sem starfsemi er, áður en leyfið er veitt.

Einnig 5. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þar sem fjallað er um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA):

Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd aðstoðarinnar [þ.e. NPA] og skulu setja nánari reglur þar um í samráði við notendaráð fatlaðs fólks eða samtök fatlaðs fólks.

Samráð í einstaklingsbundnum málum

Lögin móta annan farveg fyrir samráð skv. a-lið, þ.e. samtal notanda við sitt sveitarfélag um mál sem varða þjónustu sem veitt er einstaklingum og fjölskyldum.

Af þeirri ástæðu ætti að heyra til undantekninga að öldungaráð eða samráðshópur um málefni fatlaðs fólks fjalli um einstaklingsbundin mál notenda. Ef til greina kemur engu að síður að slíkt notendaráð fjalli um einstaklingsmálefni ber að gæta sérstaklega að persónuverndar-sjónarmiðum og að fyrir liggi skýrt, upplýst samþykki hlutaðeigandi gagnvart umfjöllun.

Einnig þarf að liggja mjög skýrt fyrir að umfjöllun á vettvangi öldungaráðs og samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er ekki hluti af stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags, eða þeirra opinberu aðila annarra sem taka þátt í starfi notendaráða (t.d. heilsugæsla). Til þess að mál fái formlega meðferð innan stjórnsýslunnar þarf notendaráð að koma á framfæri tillögu þar um, sbr. m.a. ákvæði 2. tölul. 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra sem vísað var til hér að framan.

Fræðsla um notendaráð

Að beiðni velferðarráðuneytisins hélt Fjölmennt fræðslu- og kynningarfund þann 10. apríl 2018 um stofnun og starfsemi notendaráða fyrir fatlað fólk. Fundurinn var tekinn upp og er upptakan aðgengileg á vefslóðinni: https://www.youtube.com/watch?v=C7wG4_rKFEQ.